

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 14. október 2024

Mál nr. E-207/2024:

A

(Styrmir Gunnarsson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 27. desember 2023 og dómtekið 17. september 2024. Stefnandi er A, en stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.791.110 krónur með 4,5% vöxtum frá 6. maí 2020 til 20. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

II

Málsatvik

Málsatvik eru þau að [...] 2019 lenti stefnandi í umferðarslysi á Bústaðavegi þar sem hún ók [...] bifreið sinni með skráningarnúmerið B. Þegar hún var kyrrstæð í röð bíla ók þarnaesta bifreið fyrir aftan, með skráningarnúmerið C, aftan á bifreiðina D með þeim afleiðingum að sú bifreið kastaðist á bifreið stefnanda. Úr varð högg sem leiddi til þess að stefnandi fékk hnykk á líkamann. Viðurkenndi stefndi bótaskyldu vegna slyssins.

Lögmaður stefnanda og stefndi öfluðu sameiginlega matsgerðar matsmannanna E bæklunarlæknis og F lögmans á afleiðingum slyssins. Skiluðu þeir matsgerð 25. maí 2021 og var sameiginleg niðurstaða þeirra að stöðugleikapunktur vegna slyssins teldist 6. febrúar 2020, tímabundin óvinnufærni og þjáningatími væri frá slysdegi til 30. nóvember 2019, varanlegur miski teldist hæfilega metinn 10 stig og varanleg örorka hæfilega metin 10%. Greiddi stefndi stefnanda bætur í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar en

stefnandi tók við bótum með fyrirvara, þar sem hún taldi matsgerðina ekki endurspegla raunverulegar afleiðingar slyssins. Var bótauppgjör undirritað 13. júlí 2021.

Í mars 2023 hafði lögmaður stefnanda samband við stefnda í því skyni að setja af stað ferli til að endurmeta afleiðingar slyssins. Samþykkti stefndi að aðilar myndu standa sameiginlega að slíku endurmati. Var grundvöllur þeirrar ákvörðunar að þau einkenni sem stefnandi lýsti væru mögulega taugalegs eða geðræns eðlis og því réttast að fela taugalækni og lögmanni að meta afleiðingar slyssins. Voru þau einkenni, sem stefnandi taldi hafa komið fram eftir fyrra matið: mígrenieinkenni, eyrnavekir, svefnerfiðleikar, lömunarköst, kvíði, máttleysi, málstol, stam, minnisleysi, sjóntruflanir og viðkvæmni fyrir áreiti. Óskuðu aðilar sameiginlega eftir því að G taugalæknir og H lögmaður legðu mat á afleiðingar slyssins. Lagði stefnandi fram viðbótargögn með matsbeiðninni, umfram þau gögn sem lögð höfðu verið fram við fyrra matið, en um var að ræða bréf frá VIRK ásamt sálfræðiskýrslum, sjúkrabjálfaraskýrslu, starfsendurhæfingarmati o.fl. Þá fylgdu beiðninni gögn frá Tryggingastofnun þar sem fram kom mat stofnunarinnar á endurhæfingarlífeyri. Sjúkraskrá stefnanda fylgdi einnig beiðninni, ásamt vottorði I taugalæknis og afriti af sjúkragögnum vegna meðferðar taugalæknisins.

Matsmennirnir G taugalæknir og H lögmaður skiluðu matsgerð sinni 10. október 2023. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að stöðugleikapunktur vegna slyssins teldist vera 6. maí 2020, eða þremur mánuðum síðar en í fyrri matsgerð. Óvinnufærnitímabil og tímabil þjáningar var talið vera frá slysdegi til 30. nóvember 2019, eins og í fyrri matsgerð. Þá komust matsmennirnir sameiginlega að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski vegna slyssins teldist vera 10 stig, eins og gert hafði verið í fyrri matsgerð. Hvað varðaði varanlega örorku voru matsmennirnir hins vegar ekki sammála. Taldi taugalæknirinn að varanleg örorka vegna slyssins teldist vera 10%, eins og talið var í fyrra matinu, en lögmaðurinn taldi að varanleg örorka ætti að vera 18%. Rökstuddu báðir matsmenn niðurstöður sínar sérstaklega í matsgerðinni. Kvaðst matsmaðurinn H m.a. telja að aðrir þættir en slysið, þ.e. geðeinkenni í kjölfar persónulegra áfalla, ættu stóran þátt í núverandi óvinnufærni stefnanda. Hin vegar bæri að hafa í huga við mat á varanlegri örorku að vegna andlegra einkenna sem hún hefði glímt við fyrir slysið hefði hún verið mun viðkvæmari fyrir frekari skakkaföllum. Í svari matsmannsins G kom hins vegar fram að að öllum gögnum virtum og að teknu tilliti til aldurs stefnanda, eðlis áverka, menntunar og starfsreynslu teldi hún að stefnandi hefði orðið fyrir skerðingu á getu til að afla tekna þegar litið væri til umrædds slyss.

Í kjölfar þess að síðari matsgerðin lá fyrir gerði stefnandi kröfu um greiðslu bóta á grundvelli niðurstöðu annars matsmannsins um 18% varanlega örorku. Hafnaði stefndi þeirri kröfu og vísaði til þess að matsmaðurinn sem teldist sérfræðingur í taugalækningum hefði talið varanlega örorku vegna slyssins 10%, eða þá sömu og niðurstaðan hefði verið í mati fyrri matsmanna. Teldi stefndi því, með hliðsjón af rökstuðningi matsmanna og gögnum málsins, þ.m.t. niðurstöðu beggja matsgerða, að varanleg örorka vegna slyssins væri réttilega metin 10% og því teldust allar bætur vegna slyssins hafa verið að fullu uppgerðar í fyrra uppgjöri. Stefnandi vildi ekki setta sig við þá afstöðu og hélt fast við að gera kröfu um greiðslu á grundvelli 18% varanlegar örorku. Hefur stefnandi því stefnt málinu fyrir dóm.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu matsmennirnir H og G.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveður varanlega örorku sína af völdum slyssins vera að minnsta kosti 18% og að hún eigi rétt á að fá greiddar skaðabætur sem því nemi úr hendi stefnda. Krafa hennar byggist á niðurstöðu matsmannsins H lögmanns sem hafi talið varanlega örorku stefnanda hæfilega metna 18%. Stefnandi telji engan vafa á því að afleiðingar slyssins, að því er snerti áhrif og afleiðingar fyrir starfsorku og getu til tekjuöflunar, séu alvarlegri en frummatsmennirnir F og E hafi komist að niðurstöðu um í matsgerð sinni í maí 2021. Í því sambandi sé m.a. en ekki eingöngu bent á að stefnandi sé í dag, og hafi verið um langan tíma, algjörlega óvinnufær og njóti einungis greiðslna frá Tryggingastofnun sér til framfærslu. Metnar afleiðingar slyssins séu því síst of miklar

Stefnandi kveðst vísa til þess að enginn ágreiningur hafi verið uppi milli aðila á fyrri stigum um að varanleg örorka í fyrri matsgerð hefði verið of lágt metin. Því til staðfestingar vísi stefnandi til þess að stefndi hafi samþykkt að ganga til verks samhliða stefnanda með öflun nýrrar matsgerðar og á eigin kostnað. Í því verklagi félagsins felist sjálfkrafa viðurkenning þess á því að afleiðingar slyssins hafi verið of lágt metnar. Þá þegar þyki stefnanda afstaða stefnda gagnvart framkominni kröfu ekki eiga rétt á sér.

Stefnandi bendir á stefndi hafi greitt stefnanda stærstan hluta kröfu hennar er hafi snúið að útlögðum sjúkrakostnaði, eða 480.615 krónur af umkröfðum 626.170 krónum. Í því felist viðurkenning á þeim sjónarmiðum stefnanda að fyrri matsgerð endurspegli ekki raunverulegar afleiðingar slyssins.

Hvað varðar ólíka niðurstöðu matsmannanna í síðari matsgerðinni kveðst stefnandi benda á að mat á varanlegri örorku sé lögfræðilegt úrlausnarefni öfugt við mat á varanlegum miska sem sé af læknisfræðilegum toga. Af þeim ástæðum sé lækni og lögmanni falið að vinna mat á afleiðingum skaðabótaskyldra slysa í sameiningu. Hlutverk lögmannsins sé fyrst og fremst að leggja mat á fjárhagslega hlið málsins (tímabundið tekjutap og varanlega örorku) á meðan hlutverk læknisins sé að leggja mat á ófjárhagslega þætti málsins (þjáningabætur, varanlegan miska, læknismeðferð og úrræði til framtíðar). Verkaskipting matsmanna og kunnátta þeirra leiði til þess að fremur eigi að líta til niðurstöðu H en G.

Stefnandi bendir einnig á að efnislegur rökstuðningur H um varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins sé betri, ítarlegri, tvöfalt lengri og beinlínis réttari en sá sem G tefli fram. Í því samhengi sé bent á að H líti heildstætt á málavexti, m.a. en ekki eingöngu til atburðarásarinnar eftir að fyrri matsgerð hafi verið unnin. Svar hans í matsgerðinni sé ítarlegt og vel rökstutt. Aðferðafræði G sé aftur á móti gjörólík hans þar sem látið sé nægja að reifa aðdraganda slyssins í örstuttu máli án þess að málavöxtum í kjölfar þess sé gefinn nokkur gaumur.

Stefnandi bendir á að í rökstuðningi H sé fyrst rakinn náms- og starfsferill stefnanda þar sem góðri líkamlegri heilsu stefnanda fyrir slysið séu gerð skil sem og sálrænum einkennum ótengdum slysinu sem um ræði. Í framhaldinu tilgreini matsmaðurinn að stefnandi hafi haft fulla atvinnuþátttöku síðustu árin fyrir slysið og leggi til grundvallar að hún hefði áfram starfað við sambærileg störf og hún hafði áður gegnt ef ekki hefði komið til slyssins í nóvember 2019. Geri H síðan samanburð á atvikum fyrir og eftir slysið þar sem fyrst sé bent á þá óumdeildu staðreynd að stefnandi búi við líkamlegar afleiðingar í stoðkerfi af völdum slyssins. Að hans mati hafi þau einkenni haft veruleg áhrif á starfsgetu stefnanda sem lýsi sér m.a. í því að frá slysdegi hafi hún ekki treyst sér til starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Matsmaðurinn telji slysið eitt og sér þó ekki geta skýrt það heldur séu aðrir þættir samverkandi orsakavaldar, þ.e. geðeinkenni í kjölfar persónulegra áfalla. Vegna þessa bendi matsmaður réttilega á að vegna þeirra áfalla sé stefnandi mun viðkvæmari fyrir frekari skakkaföllum. Að mati H sé ljóst að starfsgeta stefnanda til almennra starfa, þ.m.t. þeirra sem hún gegndi fyrir slysið, sé nokkuð skert og að afleiðingar slyssins muni há henni m.a. í líkamlega krefjandi störfum og störfum þar sem þarf að bogra mikið. Það sama gildi um störf sem krefjist kyrrstöðu og kyrrsetu. Loks sé það mat matsmannsins að líklegt sé að tjónþoli muni eiga

erfitt með að vinna langan vinnudag og að möguleikar hennar til tekna með yfir- og/eða aukavinnu séu þar af leiðandi skertir. Með vísan til þessa telji H að varanlega örorka stefnanda af völdum slyssins sé hæfilega metin 18% að teknu tilliti til lögbundinnar tónstakmörkunarskyldu hennar og heilsufarsvandamála sem séu slysinu óviðkomandi. Að mati stefnanda líti matsmaðurinn H raunsætt á atvik öll, m.a. þá staðreynd að stefnandi hafi frá slysdegi verið án tekna þar sem hún hvorki treysti sér til né geti snúið aftur til starfa á almennum vinnumarkaði frá því að slysið atvikaðist. Geri H skilmerkilega grein fyrir ástæðum þessa ólíkt G sem gefi þessu þýðingarmikla atriði engan gaum. Þá líti G alfarið fram hjá undirliggjandi/eldri einkennum stefnanda sem geri hana viðkvæmari fyrir skakkaföllum. Aukinheldur fjalli G ekkert um framvindu mála frá því að fyrri matsgerð hafi verið unnin. Ekki verði séð hvaða þýðingu það hafi í rökstuðningi G að stefnandi hafi notið atvinnuleysisbóta í kjölfar gjaldþrots vinnuveitanda hennar, eins og hundruð annarra þáðu. Niðurstaða hennar verði að mati stefnanda ekki lögð til grundvallar úrslitum málsins.

Málsástæður stefnda

Stefndi bendir á að samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á umfang tjóns, þ.m.t. að leggja fram fullnægjandi sönnun um það miska- og örorkustig sem krafa um greiðslu bóta byggist á. Með öðrum orðum sé það á ábyrgð stefnanda að færa fram gögn sem sýni fram á með óyggjandi hætti að dómkrafa hennar eigi við rök að styðjast og að gögn málsins styðji að örorka vegna slyssins sé réttilega metin 18%. Þar sem þessi sönnunarbyrði hvíli á herðum stefnanda verði að mati stefnanda að líta svo á að ágreiningsefni málsins snúi ekki að því hvor niðurstaðan teljist réttari, þ.e. niðurstaða fyrri matsmanna og taugalæknisins um 10% varanlega örorku eða niðurstaða lögmannsins um 18% varanlega örorku, heldur að því hvort stefnandi hafi staðið undir þeirri sönnunarbyrði sem á henni hvíli og að hún hafi sýnt fram á að 18% varanleg örorka sé rétta niðurstaðan í málinu. Stefndi telji langt í frá að slík sönnun liggi fyrir í málinu. Þvert á móti bendi flest gögn til þess að varanleg örorka hafi verið réttilega metin 10% í fyrri matsgerðinni og í niðurstöðu sérfræðilæknis í seinni matsgerðinni.

Eins og fram hafi komið rökstyðji báðir matsmenn niðurstöður sínar í matsgerðinni dags. 10. október 2023. Stefndi hafni því sem haldið er fram í stefnu að rökstuðningi sérfræðilæknisins sé með einhverjum hætti ábótavant og að rökstuðningur

lögmannsins sé heildstætt betri. Þvert á móti gæti í rökstuðningi lögmannsins ákveðinnar mótsagnar. Taki hann fyrst fram að stefnandi hafi haft fulla atvinnuþátttöku fyrir slysið og gera verði ráð fyrir að hún hefði haldið áfram að gegna því starfi að fullu ef ekki hefði komið til slyssins en vísi þó einnig til þess að stefnandi hafi stuttu fyrir slysið lent í atviki sem hafi haft töluverð áhrif á hana andlega og hafi hún m.a. verið í veikindaleyfi þegar hún lenti í slysinu. Vísi matsmaðurinn svo til þess í rökstuðningi sínum að það beri að hafa í huga við mat á varanlegri örorku að *vegna andlegra einkenna sem hún glímdi við fyrir slysið* hafi hún verið *mun viðkvæmari fyrir frekari skakkaföllum*. Virðist því matsmaðurinn byggja á því að sú skerðing á starfsgetu stefnanda sem hafi verið til staðar fyrir slysið eigi að leiða til þess að sú starfsgetuskerðing sem slysið hafði í för með sér verði að mestast meiri en ella. Að mati stefnda sé þessi aðferðafræði beinlínis röng og í engu samræmi við viðurkenndar aðferðir við mat á varanlegri örorku, enda eigi við mat á varanlegri örorku að taka mið af stöðu tjónþola á slysdegi og ætlaðri atvinnuþátttöku til framtíðar á þeim tíma, samanborið við það sem hafi raungerst eftir slys. Að mati stefnda gefi augaleið að þessi nálgun matsmannsins sé ekki í samræmi við framangreindar forsendur við mat á varanlegri örorku.

Stefndi bendir á að í málinu liggi fyrir tvær matsgerðir um afleiðingar slyss stefnanda. Í fyrra matinu hafi, eins og í niðurstöðu sérfræðilæknis í seinna matinu, verið talið að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins teldist réttilega metin 10%. Það liggi því fyrir að þrír matsmenn af þeim fjórum sem komið hafi að mati á afleiðingum slyssins telji varanlega örorku vegna slyssins 10% en einn þeirra telji að örorkan eigi að vera 18%. Þó virðist allir fjórir matsmenn vera sammála um að varanlegur miski vegna slyssins teljist vera 10 stig og komist allir að sambærilegri niðurstöðu um stöðugleikapunkt og tímabundnar afleiðingar. Hér verði einnig að vísa til þess að báðir matsmenn í seinna matinu telji að stöðugleikapunktur vegna slyssins sé 6. maí 2020 og að allar varanlegar afleiðingar hafi verið komnar fram á þeim tíma. Samkvæmt því hafi allar afleiðingar slyssins þegar verið ljósar við það tímamark og því þegar komnar fram þegar fyrri matsfundur hafi farið fram 4. maí 2021. Að mati matsmanna í seinna matinu hafi því engar breytingar orðið á heilsufari stefnanda eftir það tímamark.

Stefndi kveðst mótmæla því að hann hafi með einhverjum hætti samþykkt að varanlegar afleiðingar slyss stefnanda væru meiri en áður hefði verið talið með því að samþykkja að afla sameiginlega endurmats taugalæknis og lögmanns á afleiðingum slyssins. Þetta sé fráleit ályktun að mati stefnda, enda geti þátttaka váttryggingafélags í

matsferli aldrei talist vera samþykki fyrir því að félag telji varanlegar afleiðingar liggja fyrir og að umfang þeirra sé með þeim hætti sem tjónþoli telur vera. Vátryggingafélög hafi ákveðna hagsmuni af því að standa sameiginlega að slíkum mötum og sé það gert í þeim tilgangi að koma sjónarmiðum beggja aðila réttilega til skila til matsmanna og að tryggja að afleiðingarnar verði metnar af sérfræðingum með sérþekkingu á því sviði sem einkenni tjónþola liggja. Í málinu hafi stefnandi talið mikilvægt að taugalæknir yrði fenginn til að meta afleiðingar slyssins og hafi stefnandi verið sömu skoðunar. Því hafi verið talið réttast að afla matsgerðar sameiginlega, m.a. til hagræðis fyrir aðila hvað varði kostnað og tíma. Þá sé sömuleiðis fráleitt að halda því fram að greiðsla stefnda á útlögðum kostnaði stefnanda eftir fyrra matið feli í sér viðurkenningu á umfangi varanlegra afleiðinga, enda teljist sá kostnaður til tímabundinna afleiðinga og sé í engum tengslum við mat á varanlegri örorku og um tvo aðskilda bótaþætti sé að ræða samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Stefndi kveðst mótmæla því að mat á varanlegri örorku teljist lögfræðilegt úrlausnarefni og að niðurstaða lögmannsins í matinu dags. 10. október 2023 hafi þess vegna meira vægi en niðurstaða sérfræðilæknisins, með hliðsjón af *verkaskiptingu matsmanna og kunnáttu þeirra*. Stefndi sé ekki samþykkur þessum röksemdum stefnanda enda sé ekki rökstutt frekar á hvaða grunni þær röksemdir byggjast. Þó vissulega megi færa rök fyrir því að mat á varanlegri örorku fari fram á lögfræðilegum grunni byggist niðurstaða um varanlega örorku á heildarmati á læknisfræðilegum gögnum, tekjusögu og öðrum gögnum. Eins og fram hafi komið hafi stefnandi lagt fram viðbótargögn fyrir matsmenn, sem að hennar mati hafi veitt upplýsingar um að niðurstaða matsmanna í fyrra matinu, m.a. um varanlega örorku, væri ekki rétt. Þessi gögn hafi að mestu leyti verið vottorð sálfræðinga og ítarleg gögn taugalæknis um meðferð stefnanda vegna slyssins. Lýsi stefnandi því sjálf í stefnu að þau einkenni sem hafi bæst við eftir að fyrra mat hafi farið fram hafi fyrst og fremst verið taugalegs eðlis, t.d. mígreni, lömunarköst, kvíði, máttleysi, málstol o.fl. Umrædd gögn og þau einkenni sem stefnandi lýsi liggi því að öllu leyti innan sérfræðisviðs taugalæknis enda séu þessi einkenni mjög sértæk og ekki á valdi leikmanna eða lögmannna að átta sig á umfangi þeirra og hvernig þau geti komið fram í daglegu lífi, þ.m.t. í vinnugetu viðkomandi. Því verði að mati stefnanda að ljá niðurstöðu taugalæknisins G í matsgerðinni meira vægi með hliðsjón af sérfræðiþekkingu hennar. Bendi stefndi á að niðurstaða lögmannsins í matsgerðinni um varanlega örorku og röksemdafærsla hans virðist að stórum hluta byggjast á þessum upplýsingum um andleg

einkenni og einkenni taugalegs eðlis og mati hans á því hvernig þessi einkenni hafi áhrif á starfsgetu til framtíðar, en í því felist að mati stefnda læknisfræðilegt mat.

Kveðst stefndi telja að stefnandi hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn, læknisvottorð eða önnur gögn sem færi fram viðunandi sönnun fyrir réttmæti kröfu hennar og því beri að hafna kröfu hennar.

III

Niðurstæða

Málsatvik eru óumdeild. Takmarkast ágreiningur málsaðila við það hvort miða eigi við að varanleg örorka stefnanda, vegna slyss þess sem hún varð fyrir 6. nóvember 2019, teljist vera 10% eða 18%.

Stefnandi hefur teflt fram þeirri málsástæðu að með því að samþykkja að taka þátt í að afla endurmats taugalæknis vegna slyss stefnanda hafi stefndi viðurkennt að afleiðingar slyssins hafi verið of lágt metnar í fyrri matsgerð. Á það getur dómurinn ekki fallist. Þá fellst dómurinn ekki á að greiðsla stefnda á útlögðum kostnaði stefnanda eftir að fyrra matið lá fyrir hafi falið í sér viðurkenningu á umfangi varanlegra afleiðinga umfram það sem fram kom í fyrra mati matsmanna.

Eins og rakið var hér að framan liggja fyrir í málinu tvær matsgerðir sem aðilar málsins öfluðu sameiginlega utan réttar. Sú fyrri, sem dagsett er 25. maí 2021, er rituð af E bæklunarlækni og F lögmanni en sú síðari, sem dagsett er 10. október 2023, er gerð af G taugalækni og H lögmanni. Í fyrri matsgerðinni komust báðir matsmenn að þeirri niðurstöðu að varanleg örorka teldist hæfilega metin 10%. Í þeirri síðari komst matsmaðurinn G taugalæknir að sömu niðurstöðu og fyrri matsmenn, þ.e. að varanleg örorka teldist vera 10%, en matsmaðurinn H lögmaður komst að þeirri niðurstöðu að varanleg örorka ætti að teljast vera 18%. Byggir stefnandi kröfu sína í málinu á niðurstöðu hans. Ber hún sönnunarbyrði fyrir því að byggja eigi á því að varanleg örorka sé 18% vegna slyssins, en ekki 10% eins og stefndi hefur viðurkennt.

Stefnandi byggir á því að mat á varanlegri örorku sé lögfræðilegt úrlausnarefni öfugt við mat á varanlegum miska sem sé af læknisfræðilegum toga. Því beri að byggja á niðurstöðu matsmannsins H hvað það varði. Á það getur dómurinn ekki fallist. Við mat á varanlegri örorku þarf að líta til ýmissa þátta, þar á meðal til eðlis líkamstjónsins og

hinna varanlegu áhrifa þess. Hefur verið litið til þess af hálfu fræðimanna að best sé að slíkt mat sé framkvæmt af lækni, eða sérfræðingi með sambærilega þekkingu á líkamstjóninu og afleiðingum þess, og manni sem sérfróður er um sem flesta af öðrum þáttum sem til skoðunar koma, t.d. lögmanni eins og hér um ræðir. Til að komast að niðurstöðu í máli þessu verður því að taka til skoðunar rök matsmannsins H fyrir niðurstöðu sinni um varanlega örorku stefnanda, en sem fyrr greinir byggir stefnandi kröfu sína á niðurstöðu hans.

Í niðurstöðu hans kemur m.a. fram að hann telji að *aðrir þættir en slysið, þ.e. geðeinkenni í kjölfar persónulegra áfalla, eigi stóran þátt í óvinnufærni* stefnanda. Þá kemur þar fram að vegna *andlegra einkenna* sem stefnandi hafi glímt við fyrir slysið hafi hún verið *mun viðkvæmari fyrir frekari skakkaföllum*. Kemst hann í kjölfar þessa að þeirri niðurstöðu að m.a. á þessum grundvelli sé varanleg örorka stefnanda vegna umrædds slyss hæfilega metin 18%.

Aðspurður fyrir dómi kvaðst matsmaðurinn H gera sér grein fyrir því að hann þyrfti að fara varlega þegar kæmi að því að hætta sér inn á svið læknisfræðinnar. Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, verður þó ekki betur séð en að H fari með umræddum ályktunum sínum út fyrir sérfræðiþekkingu sína og byggi niðurstöðu sína, að þessu leyti, á læknisfræðilegu mati sem stangast á við mat G taugalæknis. Að mati dómsins rýrir þetta sönnunargildi umræddrar niðurstöðu H um 18% varanlega örorku stefnanda vegna slyssins. Telur dómurinn á hinn bóginn að niðurstæða fyrri matsmannanna tveggja um varanlega örorku stefnanda, sem matsmaðurinn G tekur að þessu leyti undir, sé sannfærandi og nægilega rökstudd. Hafnar dómurinn þeirri málsástæðu stefnanda að G teljist hafa litið alfarið fram hjá upplýsingum sem þýðingu höfðu við matið á varanlegri örorku. Við þeirri niðurstöðu hróflar ekki sá máltilbúnaður stefnanda að röksemdafærsla H hafi verið lengri og ítarlegri en röksemdafærsla G hvað þetta varðar. Loks skal þess getið að þrátt fyrir að stefnandi álitni niðurstöðu þriggja matsmanna af fjórum ranga hefur hún ekki leitast eftir því að fá dómkvadda matsmenn til að leggja nánara mat á framangreind álitafni, sem henni hefði þó verið í lófa lagið.

Með vísan til ofangreinds verður niðurstæða matsmannsins H lögmanns um varanlega örorku stefnanda ekki lögð til grundvallar í málinu framur niðurstöðu annarra matsmanna. Að öllu þessu virtu telst stefnandi ekki, gegn mótmælum stefnda, hafa fært fram fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti dómkröfu sinnar. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Í ljósi þessarar niðurstöðu verður ekki séð að aðrar málsástæður sem aðilar hafa haft uppi í máli þessu geti haft þýðingu í því eða þarfnist frekari úrlausnar.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi dagsettu 19. apríl 2024. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, eins og nánar greinir í dómsorði, og er þóknunin í samræmi við venju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts. Er við ákvörðun þóknunar litið til umfangs máls og höfð hliðsjón af vinnuskýrslu lögmannsins.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Arnaldi Hjartarsyni héraðsdómara og Brynjólfi Y. Jónssyni bæklunarlækni.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin er þóknun lögmanns stefnanda, Styrmis Gunnarssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.300.000 krónur.

Björn Þorvaldsson

Arnaldur Hjartarson

Brynjólfur Y. Jónsson